

Tannlæknafélag Íslands

Fréttabréf 1. tbl. janúar 2009

Janúarkúrs 16. og 17. janúar 2009

Janúarkúrs verður haldinn í félagsheimili TFÍ og megin viðfangsefni er kirurgía fyrir hinn almenna tannlæknir

Dagskrá föstudagsins

13-14:00 Hádegismatur

14-15:15 Júlíus Schopka – Að taka endajaxla. Hvenær og hvenær ekki?

15:15- 15:35 Hallur Halldórsson – Fjallar um tunguhöft og hvernig hann fjarlægir þau, einnig fjallar hann lítillega um varahöft.

15:35-16 Kaffihlé

16-17 Magnús Jón Björnsson - periokirurgía

Dagskrá laugardagsins

9-9:30 Morgunmatur

9:30-10:30 Jón Ólafur Sigurjónsson-
Preprótetísk kirurgía - Prótetískar hugleiðingar

10:30-11 Kaffihlé

11-12:30 Gunnar Auðólfsson lýtalæknir – Hvað er nýtt í lýtalækningum

Þátttökugjaldið er 10.000 krónur

Greitt inná bankareikning TFÍ
merkt nafni þátttakanda.

Rnr. 513-26-40911, kt. 570570-0139

Allar fundargerðir
félagsins eru að finna
á heimasíðu TFÍ
á vef
félagsmanna.

Félagsfundarboð

Félagsfundur verður haldinn í TFÍ, fimmtudaginn 15. janúar 2009 í félagsheimili tannlækna. Vegna Janúarkúrs verður ekki fyrirlestur á undan félagsfndi að þessu sinni. Húsið opnar kl. 18.30 og matur framreiddur kl. 19.00 Eftir mat hefjast hefðbundin félagsfundarstörf.
Dagskrá:
Félagsmál
Önnur mál

Mætum vel, njótum góðra veitinga frá Eldhúsi sælkerans og hristum okkur saman fyrir Janúarkúrs. Munið að skrá ykkur í matinn

Styrkir úr Vísindasjóði TFÍ

Aúglýst er eftir umsóknum um styrk úr Vísindasjóði TFÍ. Tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknir og stuðla að vísindastörfum á sviði tannlæknisfræði á Íslandi. Reglur sjóðsins kveða svo á um að styrkbeiðnir séu gjaldgengar frá öllum tannlæknum og öðrum vísindamönnum til tiltekinna verkefna, greiðslu kostnaðar við rannsóknir og útgáfu á ritverkum á sviði tannlæknisfræða hér á landi.

Í umsóknum skal greina frá því viðfangsefni sem óskað er eftir styrk til, áætlunum um kostnað og tímalengd rannsókna og fjárframlögum frá öðrum til verksins. Að jafnaði veitir sjóðurinn ekki fé til tækjakaupa. Að öðru jöfnu skal sá hafa forgang sem hefur ekki fengið úthlutun úr sjóðnum áður.

Félagsmönnum, sem vinna að rannsóknarverkefnum, er bent á að hægt er að sækja um styrk úr sjóðnum og er umsóknarfrestur til 1. júní 2009. Umsóknir skulu stílaðar á formann Tannlæknafélags Íslands og sendar í Síðumúla 35, pósthólf 8596, 128 Reykjavík

Tannlækningar á nýju ári.

NÚ eru tannlækningar farnir að vinna aftur eftir jólafrí sem vonandi hefur verið ánægjulegt hjá flestum. Óveðursský kreppunnar hafa þó verið að hrannast upp og enginn veit hvenær botni verður náð og við getum farið að horfa bjartari augum til framtíðar. Það er nokkuð ljóst að hjá okkar stétt verður töluverður samdráttur en við ættum að geta takmarkað skaðann sem af þessu hlýst með því að þjappa okkur saman sem stétt, sýna samstöðu og bræðralag. Það er nokkuð ljóst að á höfuðborgarsvæðinu vantar ekki fleiri tannlæknastofur og nokkrar stofur eru í litlum sem engum rekstri. Því er nauðsynlegt fyrir okkur að endurskipuleggja stofurnar okkar, bæta nýtinguna á hverjum stól og hreinlega þjappa okkur saman. Með því getum við náð rekstrarkostnaðinum niður svo um munar. Það er alveg óþarfi að tannlæknastofur séu hálf tómur úti um allan bæ. Það er miklu gáfulegra að fækka stofum og fjölga tannlæknum á hverri stofu.

Tímar einyrkjans í tannlækna stéttinni eru senn liðnir. Það er þó ljóst að það eru nokkrir tannlækna á besta aldri sem eiga erfitt með að hætta eða minnka við sig, því ungir tannlækna hafa ekki ráð á að kaupa stofur enda lítið um lausa aura. Því held ég að við verðum að hugsa um starfslok og eftirlaunamál tannlækna af meiri fyrirhyggju en hefur verið gert.

Tannlæknafélagið bindur miklar vonir við „Sólseturs“ nefndina en hana skipa þeir Börkur Thoroddsen, Jón Björn Sigtryggsson og Sigurjón Benediktsson. En nefndin á að koma með tillögur fyrir næsta aðalfund um það hvernig megi koma á eðlilegu „brotthvarfi“ eldri tannlækna úr stéttinni. Það er nokkuð ljóst að það þýðir ekkert að fara að hugsa um að selja stofuna þegar menn eru komnir yfir sjötugt og flestir í sjúklingahópnum eru gamlir skólafélagar. Þetta hefur kannski ekki verið svo mikið vandamál hér á Íslandi því stéttin er ung og fáir tannlækna að hætta á hverju ári. Á þessu er að verða mikil breyting og verðum við að bregðast við því.

Félagar okkar á Norðurlöndunum hafa mikla og góða reynslu í þessu málum og er kerfið þar allt í fastari skorðum en hér. Upp úr sextugu eru flestir tannlækna á Norðurlöndunum komnir með aðstoðartannlækni sem kaupir sig

inn í reksturinn á 2-5 árum og sá eldri dregur smám saman úr vinnuhlutfalli. Menn eru svo hættir að vinna 65-70 ára og eiga þá dágóðan lífeyrissjóð til að njóta á efri árum. Það er líka alveg ljóst að þó menn séu frábærir fagmenn þá eru tannlækningar mikil nákvæmnisvinna líkt og t.d. skurðlækningar og hraði og fínhreyfingum hrakar með hærri aldri. Þetta hlýtur að vera eins hjá tannlæknum og öðrum stéttum? Það kerfi sem komið hefur verið á fót á Norðurlöndunum er mun vitrænna en það sem menn eru að gera núna hér á landi, þ.e.a.s. annað hvort að reyna að selja stofur sínar í einu lagi fyrir svo háa upphæð að enginn vill kaupa og á endanum situr dánarbúið uppi með einhverjar gamlar græjur sem eru einskis virði eða menn einfaldlega deyta frá sínum stofum, vinna fram í rauðan dauðann. Er það eitthvað sem okkur dreymdi um þegar við útskrifuðumst sem tannlækna? Tannlæknafélagið er félagið okkar allra og ef einhver áhugi er á því þá getur TFI haft milligöngu um svona eigandaskipti og eins það ef menn vilja þjappa sér betur saman í kreppunni og nýta húsnæði og stóla betur. Menn geta sett sig í samband við skrifstofuna og við auglýsum og aðstoðum að fremsta megni.

Það er nokkuð ljóst að alltaf verður þörf fyrir tannlækna hér á landi og við látum ekki kreppu draga úr okkur kjarkinn eða starfsánægjuna.

Ingibjörg S. Benediktsdóttir, formaður

Atvinnuauglýsing

Aðstoðartannlækni óskast í RVK

Upplýsingar gefur Sigurjón Sigurðsson
Armúla 26 í sínum 5681377
og 8998650

Athugasemdir Tannlæknafélagsins við drög að breyttri reglugerð um tannfræðinga.

Félagið fékk drög að nýrri reglugerð um tannfræðinga til umsagnar og leitaði stjórn til lögfræðings til að vera okkur til halds og trausts. Ekki var leitað langt yfir skammt en í húsi félagsheimilisins okkar er lögfræðistofan ACTA starfandi og þar fengum við frábæra aðstoð frá Hjördísi E. Harðardóttur (Sævalds). Við vonum svo sannarlega að tekið verði tillit til athugasemda okkar.

Okkar helstu athugasemdir eru meðal annars: „Í núgildandi reglugerð nr. 638/1987, 3. gr. kemur fram að tannfræðingar starfi undir handleiðslu og á ábyrgð tannlækna. Þetta ákvæði er ekki inni í núverandi drögum. Tannlæknafélagið tekur þá skýlausu afstöðu að þetta ákvæði núgildandi reglugerðar verði að haldast óbreytt. Í læknaöllum nr. 53/1988, 2. málslið 7. gr., kemur fram að lækni geti við störf sín notið aðstoðar annars heilbrigðisstarfsfólks.

Starfar það þá á ábyrgð læknis nema önnur lög bjóði annað. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga um tannlækna nr. 38/1985 er öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki undir þeirra stjórn óheimilt að stunda tannlækningar Samkvæmt 6. gr. laga um tannlækningar tekur verksvið tannlækna til „...varna, greiningar og meðferðar á tannskemmdum.....“. Samkvæmt öllu ofangreindu er ljóst að tannfræðingar geta ekki farið inn á verksvið tannlækna, nema á þeirra ábyrgð. Tannlæknafélagið telur að það standist ekki lög að útfæra í reglugerð heimild til þess að tannfræðingar starfi á sviði tannlækna, án lagabreytingar.“ Einnig stendur: „Í fyrirliggjandi drögum kemur fram að tannfræðingar, sem hafa til þess fullnægjandi menntun, megi beita staðbundinni (infiltrations) deyfingu. Þetta ákvæði er ekki að finna í núgildandi reglugerð. Tannlæknafélagið leggst gegn þessu ákvæði nema það komi skýrt fram í reglugerðinni að tannfræðingar starfi á ábyrgð tannlækna. Ýmis tilvik geta komið upp við deyfingar sjúklunga, m.a. hraður hjartsláttur, ofnæmisviðbrögð og lost sem aðili sem hefur ekki læknisfræðilega menntun hefur ekki kunnáttu til að sinna. Ef ekki er unnið undir handleiðslu og ábyrgð tannlækna sem getur gripið inn í gæti hlotist af tjón. Þarna getur skipt sköpum ef um alvarleg tilvik er að ræða. Öryggi sjúklunga hlýtur að vera í fyrirrúmi við samningu þessarar reglugerðar. Þá bendir félagið á að orðalag í drögum um “fullnægjandi menntun” er mjög óljóst og þyrfti að skýra mun betur.“

Félagið bendir á að ef tannfræðingar eiga að vera sjálfstætt starfandi og beita m.a. deyfingu, þá þurfa þeir að útvega sér lyf til deifingar.

Einungis lækna með lækningaleyfi geta keypt lyf af lyfjaheildsölum samkvæmt 5. mgr. 33. gr. lyfjalaga nr. 93/1994. Þá má benda á að eftir deyfingar, eða aðra meðferð, getur þurft að ávísa verkjalyfjum til sjúklunga. Tannfræðingar hafa ekki leyfi til að gefa út ávísa lyfjum. Einungis lækna, tannlækna og dýralækna með lækningaleyfi hafa leyfi til að ávísa lyfjum skv. 2. mgr. 11. gr. lyfjalaga nr. 93/1994

Athugasemdirnar má finna í heild sinni á <http://tanni.is/umsagnir-um-lagafrumvorp/>

Félag Ungra tannlækna hefur verið endurvakið!

Þau gleðitíðindi urðu í desember þsl. að félag Ungra tannlækna var endurvakið. Þó nokkuð margir félagar mættu á upprisufundinn og voru þeir á öllum aldri. Þar sem gamla félagaskráin er orðin ansi úrelt mælumst við til þess að félagar skrái sig í félagið að nýju og er hægt að gera það á netfangið tanni@tanni.is Stjórn FUT skipa eftirtaldir:

Vilhelm G. Ólafsson
Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir
Heiðís Halldórsdóttir
Helga Pétursdóttir
Erna Björg Sigurðardóttir

Breytingar á félagsheimilisnefnd. Af einhverjum orsökum var á síðasta aðalfundi ekki skipt út mönnum í félagsheimilisnefnd eins og hefð er fyrir. Var ákveðið í samráði við „gömlu“ nefndarmennina að skipta nefndinni út um áramótin.

Nýjunefndina skipa:
Ása Margrét Eiríksdóttir,
Heiðís Halldórsdóttir,
Sólveig Anna Þorvaldsdóttir
Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir.
Eru þær boðnar velkomnar til starfa og fráfaramönnnum þökkun góð störf

Svo skal böil bæta að benda á annað verra.

Þetta hefði átt að vera yfirskrift fundar Lífeyrissjóðs tannlækna sem haldinn var þriðjud.16/12 sl. í sal TFÍ. Þar kepptust stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins um að gera lítið úr gríðarmiklu tjóni hans með því að benda á hve mjög aðrir sjóðir hafi tapað og hve mjög hafi komið á óvart að bankarnir færu á hausinn etc.etc.

Það virðist hins vegar sem okkar sjóður skrapi botninn þegar útkoma lífeyrissjóðanna er borin saman.

Í byrjun verð ég að taka fram að ég hef ekki aðgang að gögnum sjóðsins en þetta er skv. því sem ég kemst næst miðað við það sem kom fram á fundinum. Raunávöxtun lífeyrissjóðsins síðustu 5 árin er neikvæð !

Nafnávöxtun upp á 6,5% á ári sl.5 ár gerir 32,5%. Miðað við vísitölu neysliverðs síðustu 5 ára des03=230 og des08=333 er verðbólga þessa tímabils 45% og raunávöxtunin -12,5% , menn eru bara ekki að segja alla söguna eða ljúga nema hvort tveggja sé. Það er stór munur á 0% og -12,5% ! Það er sem sagt horfinn úr sjóðnum ávöxtun gróðabólunnar með öllu og meira til ! Stjórnarformaður sagði þetta engu skipta fyrir yngri sjóðfélaga en væri verra fyrir hina eldri ! Hvernig hann fær það út er mér fyrirumnað að skilja.

Tapið er af stærðargráðunni 700 milljónir króna - allavega það sem menn viðurkenna.

Það er mun verra ef menn hafa í huga hvernig það er til komið en það má fyrst og fremst rekja til þess að seldar voru erlendar eignir (þannig varð sjóðurinn af hagnaði vegna falls krónunnar) og keypt innlend skuldabréf bankanna og skuldabréf innlendra fyrirtækja líkt og Stoða, Exista, Samson og fleiri valinkunnra fyrirtækja (40% af eignum sjóðsins í lok september)

Þetta gerðist meðan óveðurskýin hrönnuðust upp og skuldatryggingarálag bankanna benti til þess að skuldabréf þeirra væru vart pappírsins virði. (Það mætti umorða þetta þannig að Landsbankinn hafi lánað sér sjálfum úr sjóðnum og sínum stærstu skuldunautum og sér fjárhagslega tengdum aðilum korteri fyrir gjaldþrot).

Ég spurði sjóðstjórnann hvort hann hafi reiknað með styrkingu krónunnar en fátt varð um svör. Okkar sjóður veðjaði á styrkingu krónunnar á sama tíma og bankinn sjálfur og allir stóru strákarnir tóku stöður á móti krónunni.

Ég leyfði mér líka að spyrja sjóðstjórnann hvaða einkunn hann gæfi svona árangri við fjárstyringu, við lítinn fögnuð stjórnarmanna sem kváðu spurninguna dónalega, en er sjóðstjórninn fékk frið til að svara kom þó heiðarlegt svar :

FALLEINKUNN

Það kom fram á fundinum að þjónustufulltrúar Landsbankans höfðu hringt í kollega á þessu ári með tilboð um að flytja séreignasparnað þeirra frá Lífeyrissjóði tannlækna í einhvern snilldarsjóð í ... jú einmitt : Landsbankanum! Að mínu mati er þetta atriði eitt og sér næg ástæða til þess að færa sjóðinn.

Ég fæ ekki betur séð en að þarna hafi orðið harkalegur hagsmunaárekstur milli Lífeyrissjóðs tannlækna og Landsbankans.

Ég bað um að fá að sjá yfirlit yfir viðskipti sjóðsins því það væri verulega spennandi að sjá hverjum við seldum góðu pappírana og af hverjum við keyptum slæmu pappírana og hvenær og svo í framhaldinu að heyra rökstuðning. Aðspurður sagði sjóðstjórninn að það væri í lagi ef stjórnin gæfi til þess leyfi en ekkert barst mér annað en símtal frá stjórnarformanninum föstudaginn 19.des. Þess efnis að ég fengi ekki þessi gögn því að þau séu trúnaðarmái ! Ef það var rétt sem sjóðstjórninn sagði er þá stjórnin að hindra það að ég sjái þessi gögn? Það væri ágætt að fá þær greinar úr lögum um lífeyrissjóði sem kveða á um upplýsingaskömmtnun, ég hef ekki fundið þær, né hefur fjármálaeftirlitið tekið undir þetta sjónarmið stjórnar heldur þvert á móti er talað um ríka upplýsingaskyldu um málefni sjóðsins. Svar FME við fyrirspurn minni um þetta atriði er eftirfarandi: „Stjórn lífeyrissjóðs ber skv. 41. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að gefa út skýrslu stjórnar einu sinni á ári. Í henni skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningi sjóðsins. Sjóðsfélagi sem ekki vill una úrskurði sjóðstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar getur vísað því til gerðardóms skv. 33. gr. áðurnefndra laga.“

Ég vil gera tvær tillögur:

1) Að flytja beri sjóðinn TAFARLAUST og vista hann annars staðar. Stjórnarmenn sögðu hægt að ræða það en uppsagnarfræsturinn væri 1 ár.

Það er fyrirsláttur því samningurinn sem starfað hefur verið eftir er við gamla Landsbankann sem er í greiðslustöðvun og því spurning hvaða skuldbindingar eru í gildi á milli nýja Landsbankans og Lífeyrissjóðs tannlækna (bankinn er kominn með nýja kennitölu og er þannig annar lögaðili).

2) Að fenginn verði óháður endurskoðandi TAFARLAUST til að fara yfir viðskipti sjóðsins í aðdraganda hruns bankanna og meta hversu ofan í okkur tölurnar.

stórt tjónið er.

Skýrsla hans verði svo lögð fyrir aðalfund sjóðsins til umræðu og þá ákveðið í framhaldinu hvort og þá til hvaða aðgerða verði gripið. Það er ekki trúverðugt að þeir sem ollu tapinu matreiði

Að lokum þetta: mér finnst að stjórn sjóðsins þurfi að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Mér er fyrirmunað að skilja hvers vegna stjórnarmenn snúast til varnar fyrir Landsbankann við þessar aðstæður því ég hélt að stjórnin væri þarna til þess að gæta hagsmuna lífeyrissjóðsins en ekki Landsbankans.

Ég hef 2 spurningar fyrir stjórnina:

1) Var sjóðstjórinn að vinna innan reglna sjóðsins og í samráði við stjórnina eða var hann í einhverjum einleik þegar þessar afdrifaríku vendingar voru gerðar á árinu 2008? Hvernig skiptist ábyrgð sjóðstjórans og stjórnarinnar?

2) Hefur Landsbankinn boðið stjórnarmönnum að þiggja einhverjar gjafir, ferðalög, veiðiferðir eða þess háttar og hafa menn hafi þegið slíkt. Ef svo er gæti það skýrt ákveðna meðvirkni eða sofandahátt gagnvart bankanum en setur stórt spurnigarkerki við hæfi þeirra til áframhaldandandi stjórnarsetu við þessar aðstæður.

Virðingarfyllst,
Erling Ingvason
Tannlæknir Akureyri
S.8933017
erling.ingvason@gmail.com

Det skal vi bruke næste aar!"

Já, nú vaknar maður 250 kílómetrum norðan heimskautsbaugs. Lítill syfjulegur bær, Hlöðuengi, hefur tekið vel á móti mér. Vinn í opinberu tannlæknaþjónustunni, eini tannlæknir-inn með 3500 manna svæði. Þéttbýlið er 2300 manns. Vinna tannlæknis breytist svosum ekki neitt hvort sem unnið er fyrir hið opinbera eða ekki. Tannpinan spyr ekki um það. Fyrstu dagana var ég alltaf að spyrja hvort það þyrfti ekki að hringja eða skrifa Reyni þeirra Norðmanna um hitt og þetta. Alltaf sagt "Nei". Ég er rétt að afvenjast þessu. Hér er enginn Reynir! Þú gerir það sem þú telur faglega rétt og berð á því ábyrgð. Og hér er gengið eftir því að tannlæknir beri ábyrgð.

Annars fór ég í göngutúr um helgina upp á hæð eina hér ofan bæjarins. Rakst ég þar á þennan undarlega kassa sem sjá má á myndinni. Þegar ég spurði um þetta þá var þetta framlag bæjarstjórnar Hlöðuengis til áramótanna. Ein skotterta í trékassa!



Ég spurði til hvers væri verið að brúðla með þennan trékassa utan um ekki neitt. Horft var á mig eins og ég væri skæruliði og sagt með þjósti: Við verðum að gæta öryggis þegar svona stór terta er sprengd! Og svo notum við kassann aftur næsta ár!

Hugsaði heim. Skammaðist mín.

Ætla að fá útborgað áður en ég fer að segja meira frá vinnunni.

Kær kveðja til félagsmanna.
Sigurjón Benediktsson,
yfirdeildarklinikkttannlæknir,
Lödingen, Norge

Gamalt tannlæknadót öðlast nýtt líf í Afríku.

Í nóvember s.l. barst Tannlæknafélaginu beiðni frá Hjálparstofnun kirkjunnar um tannlæknatæki og áhöld til tannlækninga, sem gæti komið sér vel í Tannsaníu.

Ég hringdi í Anný og stakk því að henni, hvort ekki væri upplagt að senda dótið sem safnaðist fyrir u.þ.b. einu og hálfu ári í kjölfar beiðni frá Sigurði Guðmundssyni landlækni. Hann var þá við störf í Malaví og það vantaði tannlæknadót og jafnvel mann til að "kenna heimamanni smá tannlækningar" og notkun á búnaði. Mér fannst þetta mjög spennandi verkefni og tók saman tannlæknadót, sem ég gat verið án. Slíkt gerðu líka nokkrir aðrir tannlæknar. Ég bauð mig fram til að fara til Malaví og hafa manninn minn með, en hann er tæknimaður og vanur að vinna í Afríku. Ég hef einnig farið til nokkurra landa í Afríku og séð hversu bágborið heilbrigðiskerfið er á sumum stöðum.

Til að gera langa sögu stutta, varð aldrei neitt úr því að dótið færi og var það því enn hjá Tannlæknafélaginu í nóvember.

Ég hafði reyndar tekið að mér að fara yfir dótið með Sigurjóni Ben við tækifæri, en það tækifæri hafði ekki enn skapast og tók þetta því að mér nú.

Ég fékk dótið til mín byrjaði á því að flokka og fara yfir verkfæri, áhöld og efni. Ég og minn starfsmaður á stofunni hreinsuðum verkfærin, flokkuðum, brýndum og settum í autóklava. Ég ákvað að frá mér færi einungis nothæft, heilt, dót og nánast ekkert útrunnið efni. Nokkrir tannlæknar höfðu samband við mig og bættu verkfærum og smátækjum í púkkið. Ég hafði samband við Tannhjól, Mánafoos og Lúkas og gáfu þau fyrirtæki einnig til söfnunarinnar. Sumt af því sem safnaðist var ónothæft og fór á Sorpu og er þar bæði um að ræða efni, verkfæri og smátæki. Frá mér fóru 5 pappakassar og fylgdi þeim innihaldslýsing á ensku fyrir tollinn úti. Ég veit að auk þessa söfnuðust alla vega 2 tannlæknatæki.

Allt þetta dót var gefið í nafni Tannlæknafélagsins og var vel þegið hjá Hjálparstofnun kirkjunnar.

Það sem hrinti þessu verkefni af stað, var að Hjálparstofnun kirkjunnar var að senda út til Tannsaníu notuð sjúkrarúm frá Vestmannaeyjum og eitthvað af lækningadóti. Það kom beiðni frá Tannsaníu um tannlæknatæki og annað til tannlækninga. Það var ekki vitað, hvort tannlæknastofur væru á sjúkrahúsi því sem átti að fá rúmin, eða utan þess. Héðan fór dótið til Vestmannaeyja í skip, sem sigldi út þaðan í desember.



Þetta var afar ánægjulegt verkefni og vonandi kemur allt dótið sér vel fyrir einhverja íbúa Tannsaníu.

Margrét Helgadóttir tannlækni

Til sölu

Tannlæknastofa að Hafnargötu 35
Keflavík er til sölu.

Upplýsingar gefur Bragi Ásgeirsson í síma
864-6087

Fréttir af jólaballi

Jólaball TFI var haldið 27. desember í félagsheimili tannlækna. Þar var mikil gleði og ángæja og virkilega gaman að sjá hvað margir mættu, áætlað að rúmlega 90 börn (miðað við sælgætispökana) hafi mætt á ballið ásamt foreldrum sínum, ömmum og öfum.

Guðmundur Haukur lék undir dansi og jólasveinarnir Skyrghámur og Kjetkrókur mættu að sjálfsgöðu galvaskir og nú með þriðja bróðurinn með sér, hann Giljagaur.

Höfðu bæði börn og fullorðir mikla skemmtun af þeim og uppátækjum þeirra.



Eftir að hafa dansað og sprellað með jólasveinunum í kringum jólatréð og fara í limbó, undir stafinn hans Kjetkróks, var komið að fá sér langþráðar veitingar, en boðið var upp á heit súkkulaði með rjóma og pönnukökum alveg eins og hjá ömmu í gamla daga, Inga formaður vildi hafa þetta gamaldags ball og að sjálfsgöðu létum við það eftir henni, það er nú bara jól einu sinni á ári.

AA




Í Hagtíðindum 2008:6, sem komu út hinn 10. desember 2008 birtist greinin „Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2005 – 2007“. Þar birtust niðurstöður nýjustu neyslukönnunar Hagstofunnar. Ekki er hægt að sjá þar útgjöld til tannlækninga sérstaklega, en H&R fékk aðstoð hinna lipru starfsskvanna Hagstofunnar til þess að fara dýpra í könnunina. Niðurstaðan er þessi:

Á vefsíðu Hagstofunnar: <http://hagstofa.is/Hagtolar/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera> - Heilbrigðismál - Heilbrigðisútgjöld hins opinbera 1998-2007: má finna að kostnaður hins opinbera við tannlækningar á verðlagi ársins 2007 var 1.296 milljónir króna.

Undir liðnum: <http://hagstofa.is/Hagtolar/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera> - Heilbrigðismál - Heilbrigðisútgjöld einkaaðila 1998-2007 - Tannlækningar hjá „einkaaðilum“ sést að kostnaðurinn þar var 5.898 milljónir króna. Summa þessarra tveggja stærða er 7.194 milljónir króna, þetta er heildar-kostnaðurinn við tannlækningar á Íslandi á verðlagi ársins 2007.

Miðársmanntölur árið 2007 var 311.396 manns. Sé þessari tölu deilt upp í heilarkostnaðinn fæst að tannlækna-kostnaður á hvern einstakling árið 2007 var kr. 23.102. Svo má nota vísitölu neysluverðs til þess að uppfæra kostnaðinn til verðlags í desember 2008. Þá fæst að meðaltannlækna-kostnaður á hvern einstakling miðað við verðlag í desember 2008 væri kr. 28.099. Í úrtakinu voru 3.522 heimili en alls tóku 1.603 heimili þátt í rannsókninni og var svörun því rúm 45%.



Því má bæta við að í Hagtíðindum 2004:4 birtust niðurstöður Neyslukönnunar árin 2000 – 2002. H&R gerði þá töfluna, sem hér birtist, eftir gögnum Hagstofunnar. Taflan sýnir að hið opinbera greiðir aðeins 22% af tannlækna-kostnaðinum. Það er athyglivert að útgjöld vegna sykurs og sælgætis eru hærri en tannlækna-kostnaðurinn. Þetta á við um útgjöld vegna gosdrykkja einnig. Útgjöld vegna hársnyrtingar eru helmingi hærri en til tannlækninga. Tölurnar í töflunni eru á verðlagi ársins 2004.

5. janúar 2009
Börkur Thoroddsen